

113 23. júl. út, og getur rýrnunin á fjárstofn eða höfuðstól verzlunarinnar ekki verkað öðruvísi, en að vextir þeir, sem áður hafa verið taldir af fjenu, hafi þeir verið nokkrir, nú falla niður, sbr. niðurlag 7. gr. í tekjuskattslögum 14. desbr. 1877, er ákveður, að eigi skuli greiða skatt af þeim tekjum, sem fást með því að eyða höfuðstöli sínum, og að það verði eigi talið frá tekjum, sem haft er til að borga skuld.

114 23. júl. — *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um mótvarnir gegn bólusótt.* — Samkvæmt valdi því, sem mjer er gefið í 2. gr. laga 17. desbr. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenska kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, hefi jeg í dag fyrir hönd ráðgjafans gefið út auglýsingu um, að sjerhvert skip, sem kemur hingað til landsins frá Kristjaníu eða öðrum höfnum sunnanfjalls í Noregi, skuli háð reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum. Jafnframt þessu vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að þjer bæði leggið fyrir alla lögreglustjóra í umdæmum yðar að gæta þess nákvæmlega, að ekki verði brugðið út af nefndum ákvörðunum, og visa jeg í þessu efni til auglýsingar minnar, sem prentuð er í stjórnmartíðindum B. 111 og einnig annist um, að húsnaði það, er getur um í 5. gr. nefndra laga, handa bóluveikum, er kynnu að koma sjóleiðis að, verði til reiðu, og vænti jeg þess, að þjer, herra amtmaður, um leið og þjer annist um þetta, einnig sjáið um, að landssjóðnum verði ekki gjörður meiri kostnaður, en brýnasta nauðsyn krefur.

115 26. júl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um spítalagjald af sild.* — Í brjefi frá í dag hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um það, hvort ekki beri samkvæmt 1. gr. c tilsk. 12. febr. 1872 að greiða spítalagjald af sild, og skýrið þjer frá, að Norðmenn nokkrir, sem hafa sezt að í sýslunni til að stunda sildarveiði, hafi skorast undan að greiða þetta gjald meðal annars af því, að það hafi ekki verið heimtað af Norðmönnum þeim, er stunda sildarveiði á Austfjörðum. Fyrir því vil jeg tjá yður til þókanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar það, er hjer segir:

Með 19. gr. tilsk. 27. maí 1746 var spítalagjaldið lagt á «allan fiskiafla, hverju nafni sem nefnist, er guð gefur þeim er stunda sjó», og þannig einnig á sildar og upsaveiði. Tilskipun 10. ágúst 1868 breytti nú þessari reglu og takmarkaði gjaldið til vissra fisktegunda; en þessi breyting stóð ekki nema fá ár, þangað til tilskipun um spítalagjald af sjávarafli frá 12. febr. 1872 náði gildi, og virðist eldri reglan um fisk þann, er spítalagjaldið hvílir á, þar með aptur vera orðin lög. Þetta leiðir bæði af upphafi 1. greinar laganna, er leggur gjaldið á sjávarafli, sem fæst á skip og leggst á land, og af c-lið sömu greinar, er eins og a- og b-liðirnir ekki tiltekur ákveðnar fisktegundir, og þess vegna verður að eiga við alls konar fisk. Þetta álit styrkist enn betur, þegar ákvörðun sú, er hjer ræðir um, er borin saman við undangengnar tillögur hins ráðgefandi alþingis og konungsfulltrúa, sjá alp. tíð. 1871 II bls. 304 og 471 og tíðindi um stjórnmálefni III bls. 280; því samkvæmt tillögum þessum virðist hið páverandi löggjafarvald einmitt að hafa haft sjerstaklega sildar og upsaveiði fyrir augum, þegar ákveðið var að greiða $\frac{1}{2}$ alin í spítalagjald af hverri tunnu af fiski, sem saltaður er í tunnur.

Jeg vona, að þjer, herra amtmaður, brýnið fyrir gjaldheimtumönnum þeim, er undir yður eru skipaðir, að fylgja fram þessum skilningi á 1. gr. laga 12. febr. 1872.